

1. fundur Skólaráðs – 29. október 2021.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Arnfríður Arnardóttir, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúar foreldra, Tinna Bessadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins er veik. Birkir Smári Traustason, 10.SS og Sunna Björg Harðardóttir, 10.SS fulltrúi nemendafélagsins, til vara er Gabriel Harasimscuk, Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir (leyfi), fulltrúar kennara og Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2021-2022
2. Skipulag og áherslur vetrarins
3. Skólanámskrá – starfsáætlun fyrir 2020-2021
4. Skólaping
5. Önnur mál

1. Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin út frá verkefnum. Fundardagar og tími ákveðinn. Allir sammála fundartíma á skólaráðsfundum föstudögum kl. 8:10 og starfsáætlun samþykkt.

2. Farið yfir skipulag og áherslur vetrarins.

Haustið fer vel af stað og er skólinn vel mannaður. Í skólanum er búið að skipa teymi og eru öll lögbundin teymi starfandi við skólann ásamt teymum sem tengjast verkefnum sem skólinn tekur þátt í t.d. grænfána- og heilsuteymi.

3. Skólanámskrá og starfsáætlun eru í vinnslu á lokametrum og verða sett á heimasíðu skólans þar sem skólaráðsmeðlimir geta skoðað þær.

4. Skólastjóri sagði frá væntanlegu lýðræðisþingi og lýðræðisnefndum stiganna jafnframt frá umræðuefninu sem verður á lýðræðisþingi nemenda næsta fimmtudag og föstudag. Mikilvægt er að nemendur eigi rödd og finni að það er hlustað á þá og hugmyndir þeirra. Niðurstöður úr lýðræðisþinginu verða kynntar fyrir skólaráði og í framhaldi er hægt að ákveða efni á skólapingi foreldra í desember. Hægt að hafa þingið t.d. seinni part dags og kennarar taka einnig þátt í þinginu.

5. Önnur mál

HB sagði frá öflugri stjórn nemendafélagsins sem hefur opnað nemendasjoppu á föstudögum og er að undirbúa opnun Bólsins aftur sem er félagsaðstaða fyrir nemendur. Stjórnin er að mála, kaupa húsgögn, fengu gefins borðtennisborð og fleira. Stjórnin ætlar einnig að hafa aðstöðu í Bólinu fyrir fundi nemendaráðs.

Rætt um framkvæmdir við Hrauntungu 5, foreldrar áhyggjufullir þeim finnst þetta ekki öruggt svæði þegar nemendur eru á leið í skólann. Arnfríður hefur ítrekað talað við bæjaryfirvöld og Herdís Storgaard. Bærinn metur þetta örugga gönguleið þar sem þeir hafa sett upp rauð grindverk. Mikið er um þungavinnuvélar, steypubíla o.fl., mjög þröngt í götunni og oft myndast bílaörtröð. Arnfríður segir að þetta hafi verið tekið fyrir í skipulagsnefnd en var vísað frá. Þeir sem búa á þessu svæði hafa ítrekað bent bænum á hættunum sem geta skapast sent þeim myndir og vídeó. Hugmynd kom að loka þessari aðkomu bíla alveg og vera aðeins með aðkomuna að neðan við kirkjuna.

Óskað var eftir að Hrönn skólastjóri skrifi bréf til bæjarins varðandi þennan vanda. Einnig kom hugmynd að foreldrar sendi pistil í bæjarblaðið varðandi þetta.

Arnfríður ræddi um sundkennslu en hún er í foreldraráði og er áheyrnafulltrúi tómsundaráðs. Hún spyr hver sé upplifun skólans varðandi mætingar í sund vegna þess að nemendum finnst erfitt að fara í sund vegna kynáttunnar o.fl. Skólastjóri sagðist heyra þetta í umhverfinu en skólinn verði að fara eftir lögum. Vissulega eru nokkrir nemendur með vottorð til að sleppa sundi og reynt að koma til móts við nemendur á ýmsan hátt. Ráðuneytið er með málið til skoðunar og vonandi kemur eitthvað út úr því svo skólinn geti eitthvað gert. Sigurlaug Margrét sagðist hafa unnið með marga nemendur varðandi breytingar í sundi eins og fá annan klefa og finna úrræði til að koma til móts við einstaka nemendur. Foreldraráðið er að ræða breytingar á sundkennslu.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:00

Næsti fundur verður 12. nóvember.

Ritari: Valgerður Júlíusdóttir